

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 77/2025

2025/EES/38/35

frá 14. mars 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1772 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina viðmiðanir fyrir flokkun á atvikum sem tengjast upplýsinga- og fjarskiptatækni og netógnum, setja fram mikilvægismörk og tilgreina nánari upplýsingar um tilkynningar um alvarleg atvik ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1773 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina ítarlegt innihald stefnunnar varðandi samningsbundið fyrirkomulag um notkun upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem styður við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1774 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru nánar búnaður, aðferðir, ferlar og stefna til stýringar á upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu og einfaldaður áhættustýringarrámmi fyrir upplýsinga- og fjarskiptatækni ⁽³⁾.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31q (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554) í IX. viðauka við EES-samninginn:

- „31qa. **32024 R 1772:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1772 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina viðmiðanir fyrir flokkun á atvikum sem tengjast upplýsinga- og fjarskiptatækni og netógnum, setja fram mikilvægismörk og tilgreina nánari upplýsingar um tilkynningar um alvarleg atvik (Stjtið. ESB L, 2024/1772, 25.6.2024).
- 31qb. **32024 R 1773:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1773 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina ítarlegt innihald stefnunnar varðandi samningsbundið fyrirkomulag um notkun upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem styður við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu (Stjtið. ESB L, 2024/1773, 25.6.2024).
- 31qc. **32024 R 1774:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1774 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru nánar búnaður, aðferðir, ferlar og stefna til stýringar á upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu og einfaldaður áhættustýringarrámmi fyrir upplýsinga- og fjarskiptatækni (Stjtið. ESB L, 2024/1774, 25.6.2024).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1772, 25.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1772/oj.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1773, 25.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1773/oj.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1774, 25.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1774/oj.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2024/1772, (ESB) 2024/1773 og (ESB) 2024/1774, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2025 frá 20. febrúar 2025 ⁽⁴⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(⁴) Stjtið. ESB L, 2025/770, 8.5.2025 og EES-viðbætur nr. 30, 8.5.2025, bls. 65.